


Vinnuskólinn í Hafnarfirði

Sumarið 2020



Inngangur

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til allra ungmenna 13 – 17 ára og fullorðinna 18 ára og eldri. Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans og er starfsemin afar fjölbreytt.

Vinnuskólinn er fyrir ungmenni sem lokið hafa 8. bekk og uppúr en vinnuskólinn lofar öllum hafnafirskum ungmennum frá fjórtánda aldursári að átjándanda aldursári sumarvinnu. Meginþorri þeirra ungmennanna vinna í almennum vinnuhópum en einhverjir vinna hjá íþróttafélögum, leikskólum, skógrækt og fleira.

18 ára og eldri vinna sem flokkstjórar og aðstoðarflokkstjórar yfir almennum hópum, í slætti, í viðhaldsverkefnum, í garðyrkju, hjá íþróttafélögum og hjá stofnunum bæjarins.

Sumarstarfsemi á vegum Vinnuskólans er svo gæsluvöllurinn Róló og fjölskyldugarðar. Tómstund, sumarnámskeið fyrir 4. – 7. bekk, sem áður var á vegum Vinnuskólans færðist frá Vinnuskólanum yfir til skólanna í ár. Í fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir 316,5 milljónum til rekstrarins. Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 13. maí – 31. ágúst.

Á Skrifstofu Vinnuskólans starfa umsjónarmaður auk fimm annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, símsvörun, launagreiðslur, samskipti við flokkstjóra, unga starfsmenn og foreldra þeirra.

Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig til tókst að reka starfsemina sumarið 2020.

COVID-19

Eins og á öllum öðrum vinnustöðum var hræðslan við Covid-19 og hvernig sumarið myndi vinnast ofarlega í huga fólks. Þegar fyrstu hópar Vinnuskólans hófu störf um miðjan maí var ástandið í landinu farið að batna töluvert. Þrátt fyrir það voru gerðar ráðstafanir og var spritt á hverju borði, hanskar og grímur fyrir þá sem vildu, takmarkað fólk í bíla og þar fram eftir götunum. Einnig var ráðinn inn starfsmaður sem sá til þess að sótthreinsa borð, stóla og snertifleti eftir hvern vinnuhóp í hádeginu og svo reglulega yfir daginn. Fjölmennustu hóparnir byrjuðu svo 10. júní en það voru ungmenni í 8. – 10. bekk. Þessi aldur heyrði ekki undir 2 metra regluna og því var hægt að halda starfseminni nánast óbreyttri frá fyrri árum. Reynt var þó að dreifa þeim betur og flokkstjórar og aðstoðarflokkstjórar þá látnir vinna í meiri fjarlægð frá hvorum öðrum en venja er. Flokkstjórar og aðstoðarflokkstjórar unnu saman á föstudögum líkt og undanfarin ár þar sem yngstu hóparnir vinna ekki á föstudögum. Þetta breyttist eftir að upp komu ný Covid-19 smit í samfélaginu í lok júní. Þá var þeim skipt upp í smærri hópa sem unnu þá á víð og dreif innan bæjarfélagsins.

Vegna Covid-19 voru umsóknir í Vinnuskólann töluvert fleiri en undanfarin ár. Þetta átti við í öllum aldursflokkum og því var þetta fjölmennasta sumarið til þessa. Búin voru jafnvel til ný störf til að koma til móts við fjölda umsókna sem bárust. Metfjöldi var í öllum hópum innan Vinnuskólans, hvort sem var um almenna hópa að ræða eða sérhópa.

Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Á skrifstofu Vinnuskólans eru alla jafna ráðnir 6 einstaklingar. Það eru umsjónarmaður Vinnuskólans, tveir verkstjórar skrifstofu og þrír verkstjórar Vinnuskólans. Starfsheiti fyrir þessi störf breyttust í ár. Starfsheiti umsjónamanns var áður forstöðumaður, starfsheiti verkstjóra skrifstofu var áður skrifstofumaður og starfsheiti verkstjóra var áður yfirflokkstjóri. Tveir af þremur verkstjórum Vinnuskólans sáu um almenna hópa, sérhópa, skógrækt og Róló og þriðji verkstjórinn sá um hópa sem voru að störfum í miðbænum og í Hellisgerði.

Verkstjórar í slátturhóp voru tveir líkt og fyrri ár og það sama má segja um blómahóp.

Slátturhópur sér að mestu leiti um allan slátt í bæjarfélaginu en þó eru verktakar sem sinna hluta hans. Blómahópur sér um allt sem viðkemur fegrun bæjarins með sumarblómum og fleira.

Störf flokkstjóra og aðstoðarflokkstjóra hjá Vinnuskólanum voru auglýst til umsóknar snemma í ár og var opnað fyrir umsóknir í byrjun febrúar og var opið fyrir umsóknir til 21. febrúar. Umsóknarfrestur var síðan framlengdur í tvígang, fyrst til 14. mars og síðan 28. mars. Þegar framlengdur umsóknarfrestur var enn opinn skall COVID-19 á. Umsóknum fjölgaði gífurlega á þessu tímabili. Vinna við úrvinnslu umsókna hófst um leið umsóknarfrestur rann út. Umræða var um að taka viðtöl við umsækjendur í gegnum fjarskiptabúnað en ekki reyndist það nauðsynlegt þar sem einungis tveir starfsmenn voru við vinnu í Vinnuskólanum á þessum tíma og hægt var að viðhafa reglur frá sóttvarnalækni með tveggja metra reglu, því voru viðtölin tekin innan húss. Mikið var af efnilegum umsækjendum sem sóttu um þessar stöður. Vegna fjölgunar ungmenna í almenna hópa gafst tækifæri til að ráða inn mun fleiri flokkstjóra en undanfarin ár. Ráðningarviðtöl við flokkstjóra og þá sem sáu um sérhópa eins og Jafningjafræðslu, umhverfis- og Listahóp voru tekin og kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla til að geta stýrt svona hópum. Sjá má um þessa hópa aftar í skýrslunni.

Umsjónamaður Vinnuskólans og annar af verkstjórum skrifstofu hófu störf í lok mars. Sláttur- og blómahópar hófu störf 13. maí ásamt verkstjórum Vinnuskólans. Flokkstjórar hófu svo störf föstudaginn 29. maí. Fyrsta vika flokkstjóranna var nýtt í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólkið. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálp, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla, hópefli, barnaverndarmál o.fl. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu.

Eins og áður var nefnt voru mun fleiri umsóknir í alla aldurshópa en fyrri ár. Það gerði það að verkum að Vinnuskólinn gat ráðið mun fleiri 18 ára og eldri til starfa þar sem almennir vinnuhópar, sem eru 8. – 10. bekkur, voru svo fjölmennir. Út af Covid-19 tók ríkið þá ákvörðun að auka störf, í samvinnu við sveitafélögin, og gafst sveitafélaginu kostur á að ráða inn rúmlega 100 stöður til viðbótar fyrir 18 ára og eldri. Með þessari ákvörðun gafst tækifæri til að bæta í hópa og búa til nýja. Einnig voru búin til síðsumarstörf þar sem starfsmönnum sem höfðu fengi höfnun áður gátu sótt um og unnið þá út ágúst.

Heildarumsóknir 7.júlí 2020	
Umsóknir:	1822
Ráðnir:	1441
Þar af 17 ára og yngri:	1150
Þar af 18 ára og eldri:	291
Umsóknir í vinnslu:	15
Höfnun:	239
Umsókn dregin til baka:	127

Starfsmenn 18 ára og eldri			
	2019	2018	2017
Fjöldi umsókna	380	382	445
Ráðnir inn	237	313	313

Fjöldi umsókna 7.júlí 2020	Ráðnir	Höfnun	Í vinnslu	Dregin til baka	Samtals fjöldi umsókna:
VH20004 Umsjónarmaður VH	1	12			13
VH20001 Verkstjórar á skrifstofu	2	19			21
VH20007 Atvinnuátak	20		15	3	38
VH20006 Sumarstörf fyrir ungmenni fædd 2003 - 17 ára	193			39	232
VH20009 Ungmenni fædd 2004 - 16 ára	285			9	294
VH20010 Ungmenni fædd 2005 - 15 ára	296			12	308
VH20011 Ungmenni fædd 2006 - 14 ára	376			8	384
VH20008 Biðlisti 18 ára og eldri	48	86		12	146
VH20005 Sumarstörf fyrir ungmenni 18 ára og eldri	167	93		18	278
VH20002 Flokkstjórar VH - 21 árs og eldri	44	21		20	85
VH20003 Verkstjórar vinnuskóla	9	8		6	23
	1441	239	15	127	1822

Við úrvinnslu umsókna var unnið út frá ráðningareglum Vinnuskólans sem voru uppfærðar og samþykktar af Íþróttá – og tómstundanefnd þann 29.4.2020.

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2020

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ eru aðallega hugsuð sem sumarátvinna fyrir ungt fólk.
2. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum rafrænt ráðningaform á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskólanum Suðurgötu 14, Ungmennahúsinu Hamrinum þegar hann hefur störf í vor.
3. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 20. janúar og tekið verði við umsóknum frá 20. janúar til 15. mars árið 2020.
4. Ekki verði tekið við umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur, nema frestur sé framlengdur.
5. Ráðningartími fyrir flest störfin er um 6 - 8 vikur. Fyrir 17 ára er unnið í um 220 klst, 18 – 20 ára er unnið í um 238 klst og 21 árs og eldri starfa í um 264 klst.
6. Horft verði til umsagnar skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða frá umhverfis og framkvæmdasviði við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
7. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
8. Öllum umsækjendum verður svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
9. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.
10. Vinnureglur við ráðningu sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ taka mið af Mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar:
<https://www.hafnarfjordur.is/media/stjornsysla/MannauðsstefnaHafnarfjardarbaejar2016.pdf>

Ráðningakerfi

Vinnuskólinn notast við ráðningakerfi sem nefnist H3 sem Hafnarfjarðarbær tók upp árið 2016. Allar umsóknir fara þar í gegn óháð aldri. Allir ráðnir starfsmenn eru svo færðir úr H3 yfir í Vinnustund en það er launakerfið sem sveitarfélagið notar. Sú nýjung varð í ár að flokkstjórar Vinnuskólans byrjuðu alla föstudaga á að mæta í Vinnuskólann og setja sjálfir inn í vinnustund tímana fyrir sinn vinnuhóp. Fengnar voru spjaldtölvur fyrir hvern og einn skóla svo þetta gengi betur fyrir sig og gekk þetta fyrirkomulag mjög vel. Þetta var tekið upp til að minnka álag á verkstjórnanna á skrifstofu Vinnuskólans en þeir sinntu þessu áður.

Aldursdreifing starfsmanna 2020

Aldur:	Fjöldi umsókna:	Ráðnir:	Dregin til baka:	Höfnun:	Nánari skoðun (atvinnuátak)
14	380	375	5	0	
15	307	296	11	0	
16	289	280	9	0	
17	229	193	35	1	
18	137	64	4	69	
19	106	48	12	46	
20	83	43	5	33	2
21	73	46	11	16	
22	42	23	8	11	
23	32	20	2	10	
24	25	7	6	9	3
25	13	4	3	6	
26	11	6	1	4	
27	11	6	4	2	
28	12	4	2	5	1
29	5	1	0	3	1
30	5	2	0	2	1
31	5	2	0	2	1
32	11	3	4	4	
33	4	2	0	1	1
34	4	1	0	3	
35	7	4	0	3	
36	1	1	0	0	
37	2	1	0	1	
38	5	3	1	1	
39	1	1	0	0	
40	4	2	1	0	1
41	2	0	1	0	1
42	1	0	1	0	
46	1	1	0	0	
47	2	1	0	0	1
48	1	1	0	0	
49	1	0	0	1	
51	2	0	0	1	1
54	1	0	0	1	
55	1	0	0	1	
56	2	1	0	0	1
59	2	0	0	2	
62	2	0	1	1	

Vinnustundir og laun unglunga

Tímafjöldi ungmenna er ákveðin á hverju ári og bauðst ungmennum að vinna fleiri tíma í ár en í fyrra.

Algengt er að ungmennin nýti tímana sína ekki að fullu þar sem mörg þeirra fara í leyfi yfir starfstíma Vinnuskólans. Meðalfjöldi unninna tíma hjá ungmennunum er því sem hér segir:

Fjöldi tíma í boði sumarið			
	2020	2019	2018
8. bekkur	81	70	72
9. bekkur	105	101	92
10. bekkur	135	123	112

Skipulag vinnunnar var þannig að unglingar á aldrinum 14 til 16 ára unnu þrjá tíma á dag, fjóra daga vikunnar. Unglingarnir unnu aðra vikuna frá kl. 9:00 – 12:00 og svo hina vikuna frá 13:00 – 16:00. Vinnustundir voru því samtals 12 á viku. 9. og 10. bekkur, sem eru með fleiri tíma yfir sumarið, gátu svo unnið upp í sína tíma með því að vinna einhverja daga allan daginn. Tímabilið í sumar var frá 10. júní – 30. Júlí eða 7 vikur.



Vinnuskólinn efnir til keppni á hverju sumri. Hún fellst í því að hver hópur tekur fyrir svæði sem þau snyrta. Teknar eru myndir bæði áður en verkið hefst og svo þegar verkinu er lokið. Starfsmenn skrifstofunnar velja svo úr myndunum hvaða hópur stóð sig best og fær sá hópur pizzuveislu. Þetta er svo endurtekið svo hinir hóparnir fái þá tækifæri til að reyna aftur.

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar, en reynt var að gæta þess að

heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir leyfilegan tímafjölda hjá unglöngunum sem og öðrum starfsmönnum félaganna, auk þess var reynt að tryggja það að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglunga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:40 fyrir hádegi og 14:30 og 14:40 eftir hádegi.

Tekjumöguleikar unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2020

	Tímakaup	Tímafjöldi	Laun	Laun + orlof
8. bekkur	624	81	50.520 kr	55.658 kr
9. bekkur	832	105	87.317 kr	96.197 kr
10. bekkur	1039	135	140.319 kr	154.589 kr

Almennir vinnuhópar

Almennir hópar gerðu út frá öllum grunnskólum Hafnarfjarðar að undanskyldum Engidalsskóla og NÚ skólanum. Krökkunum var raðað í hópa eftir hverfum og unnu þau út frá sínum skólum. Hóparnir voru alls 22 talsins í ár en voru 17 talsins 2019. Hópar í hverjum skóla voru á frá tveimur upp í sex talsins. Lang fjölmennast var í Hraunvallaskóla í ár, líkt og síðustu ár, eða samtals um 128 ungmenni og voru þar 6 hópar að störfum þegar fjölmennast var.

Í ár voru ráðnir inn 18 flokkstjórar og 11 aðstoðarflokkstjórar til að sinna almennum vinnuhópum en það var aukning frá fyrra ári en sumarið 2019 voru ráðnir inn 14 flokkstjórar og sex aðstoðarflokkstjórar. Það þarf alltaf að vera að minnsta kosti einn flokkstjóri með hvern hóp sem hefur svo aðstoð frá aðstoðarflokkstjóra. Í ár voru aldrei færri en tveir flokkstjórar og aðstoðarflokkstjórar með hvern hóp þar sem hóparnir voru það stórir.

Morgunhópur

Öllum ungmennum í Hafnarfirði á sautjándra ári var boðin vinna hjá Vinnuskólanum og engum hafnað. Það hefur verið þannig frá árinu 2015 en það er stefna Vinnuskólans að öll börn 17 ára og yngri séu með örugga vinnu yfir sumartímann. Ákveðið var að

halda áfram sama fyrirkomulagi og undanfarin sumur þ.e. að hafa öflugan hóp 17 ára ungmenna í miðbænum sem unnu alla virka daga frá kl 6:00 – 11:00.



Morgunhópurinn náði þó met fjölda í ár og fljótlega kom í ljós að skipta þurfti hópnum upp í þrjá hópa sökum fjölda ungmenna. Brugðið var á það ráð að einn hópur sem taldi um 30 ungmenni myndi halda áfram störfum í miðbænum, annar hópur sem var jafn fjölmennur myndi færa sig upp í norðurbæ en halda sama vinnutíma og svo þriðji hópurinn sem gerði út frá Suðurgötu 14 og vann í suðurbænum. Sá hópur vann frá 9:00-16:00 en það reyndist mjög vel því mörg 17 ára ungmenni

eiga erfitt með að starfa frá 6:00 á morgnana. Miðbæjarhópurinn var með föst verkefni alla morgna en það var að þrifa lækinn, tjörn við Hafnarborg, tjörn á Thorsplani ásamt því að tæma allar ruslatunnur í miðbænum. Eins sáu þau um almenna ruslatínglu og beðahreinsun og það sem þurfti hverju sinni. Hinir hóparnir voru ekki með föst dagsverk en fóru í það sem þurfti hverju sinni á sínu svæði. Alls voru 100 17 ára ungmenni að störfum þegar mest lét.

Fjölskyldugarðar Hafnarfjarðar



Fjölskyldugarðar eru á tveim stöðum í Hafnarfirði en þeir eru á Víðistöðum og efst á Öldugötu. Úthlutun hófst 20. maí. Metaðsókn var í garðana í ár en alls seldust 183 garðar og uppselt varð í garðana á Víðistöðum. Garðarnir voru plægðir og hólfaðir niður og garðurinn á Víðistöðum var framræstur og skipt var um jarðveg sökum jarðvegsþreytu. Leigjendur sáu alfarið um alla umhirðu en saltkista var á hvorum stað fyrir sig þar sem í voru verkfæri og garðkönnur. Eins voru leiðbeiningar hengdar upp á hvorum stað um hvernig best væri að rækta grænmeti ásamt upplýsingum um meindýr og hvernig best væri að verjast þeim í grænmetisræktun

Fjölskyldugarðar	2020	2019	2018
Víðistaðatún	96	60	17
Öldugata	87	39	51
Samtals	183	99	68

Þjónustusamningar við Íþróttafélög

Þjónustusamningar við öll félög sem fá úthlutað starfsmönnum á vegum Vinnuskólans eru endurskoðuð á hverju ári. Í ár voru endurnýjaðir og undirritaðir í sumar. Ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin er að tryggja að allir starfsmenn á vegum Vinnuskólans séu með sömu réttindi og skyldur til námskeiðahalds, tryggingamála, tímakvóta og svo framvegis. Einnig er mjög jákvæð þróun að hafa alla þessa samninga uppi á borðinu.

Ákvörðun um heildar fjölda starfsmanna sem fóru til íþróttafélaganna jókst töluvert í sumar vegna Covid og fjölda umsókna sem lágu fyrir í Vinnuskólanum.

Róló

Gæsluvöllurinn Róló var staðsettur á sama stað og í fyrra, á leikskólanum Hvammi. Aðstaðan þar er virkilega góð fyrir þessa starfsemi þar sem hægt er að skipta lóðinni fyrir eldri og yngri börn án þess að starfsmenn missi sjónar af þeim.



Opið var frá kl. 9:00 – 12:00 og 13:00 – 16:00. Klippikort var hægt að kaupa í gegnum „mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is bæði var hægt að kaupa 5 og 10 skipta kort. Boðið var upp á ávexti eða grænmeti í millimál þar sem ekki var í boði að koma með sitt eigið nesti að heiman. Róló er hugsaður sem eins til þriggja tíma afþreying fyrir yngstu börnin meðan leikskólarnir eru lokaðir en koma þó ekki í stað leikskóla. Ekki er í boði að nýta plássíð bæði fyrir og eftir hádegi sama dag nema

sérstakar ástæður liggi fyrir. Róló var opinn frá 8. júlí – 7. ágúst. Sala á klippikortum dróst saman í ár samanborið við árið 2019. En að meðaltali voru 23,35 börn á dag á Róló í ár, 10,75 fyrir hádegi og 12,6 eftir hádegi.

Tafla 6 - Aðsókn á Róló

Róló 2020

5 skipta kort 49

10 skipta kort 37

Róló 2019

5 skipta kort 72

10 skipta kort 45

Verkfærageymslur

Vinnuhópar sem gera út frá skólum bæjarins hafa aðstöðu í hverjum skóla fyrir sig til að geyma verkfæri, vesti ofl. svo ekki þurfi að ferja það daglega á lager Vinnuskólans. Þetta er gert með samþykki og í samstarfi við hvern umsjónamann fasteigna í hverjum skóla fyrir sig og hefur samstarfið gengið með ágætum undanfarin ár.

Samstarf við Umhverfis- og skipulagssvið

Unnið var með Umhverfis- og skipulagssviði að því að fara yfir helstu verkefni sumarsins líkt og undanfarin ár. Umsjónamaður Vinnuskólans, Verkstjórar, garðyrkjustjóri og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar héldu daglega fundi í lok hvers dags og forgangsröðuðu verkefnum eftir mikilvægi.

Sérhópar

Hellisgerði

Í Hellisgerði störfuðu 12 einstaklingar í sumar. Síðustu ár hafa um þrjú til fimm starfsmenn verið þar að störfum yfir sumartímann. Þetta var mikil aukning en af nógu var að taka samt. Vinnutíminn var frá 8:00 - 16:00 og voru starfsmenn í fullri vinnu við að sinna almennu viðhaldi í Hellisgerði. Leitast var við að hafa þessa starfsmenn 18 ára eða eldri svo þeir gátu gengið í öll störf eins og sláttur og fleira. Flokkstjóri var yfir hópnum en hópurninn gat þó vel bjargað sér sjálfur ef þess bar við. Þetta er verkefni sem vert er að halda áfram með næstu ár enda 100 ára afmælisár garðsins á næsta leiti.

Grænn leiðbeinandi

Í ár varð til nýtt starfsheiti á vegum Vinnuskólans en það var „grænn leiðbeinandi“ Hlutverk hans var að fræða vinnuskólahópa um umhverfismál, viðhalda grænfána Vinnuskólans ásamt því var hann næsti yfirmaður jafningjafræðslunnar. Grænn leiðbeinandi var með aðstoðarmann með sér og fóru þessir tveir starfsmenn út á meðal vinnuskólahópanna þar sem þeir fræddu ungmennin um umhverfið, hvernig ætti að flokka sorp ásamt almennri umhverfisvernd. Einnig voru þessir starfsmenn í samstarfi við grænan leiðbeinanda hjá Kópavogi og um miðjan júlí sameinuðust þau og efndu til sameiginlegs „plokkdags“ Kópavogs og Hafnarfjarðar en þá fóru allir almennir hópar Vinnuskólans og „plokkuðu“ í sínu nærumhverfi. Árangurinn lét ekki á sér standa og fann meðal annars einn hópurninn prins póló bréf frá árinu 2004.

Competó – Jafningjafræðsla

Jafningjafræðslan í ár var með öðrum áherslum en undanfarin ár. Síðustu sumur hefur hópurinn fjallað um jafnrétti kynjana, hinsegin fólk og önnur málefni sem erfitt er að ræða um og eru oft „tabú“ í þjóðfélaginu. Í sumar var áherslan allt önnur og voru umhverfismál umræðuefni hópsins. Einn flokkstjóri var yfir hópnum og 11 „fræðarar“. Fræðarar eru þeir sem fræða ungmennin um málefnið sem um ræðir. Fræðaranir eru á aldrinum 15-17 ára.

Hópurinn aflaði sér upplýsinga áður en fræðslan hófst og höfðu meðal annars samband við Sorpu, Landvernd ofl. til að geta verið nógu upplýst um umhverfismál til að miðla áfram. Hópurinn fékk til sín ungmenni í almennum vinnuhópum úr 8. – 10. bekk og fer hver vinnuhópur fór í þriggja tíma fræðslu yfir sumarið. Hugmyndafræði Jafningjafræðslunnar er í stuttu máli sú að „ungur fræðir ungan.“

Fræðslan sjálf er gagnvirk og unnin á jafnréttisgrundvelli af ungmönnum sem sjálf eru á svipaðri bylgjulengd og hafa svipaðan reynsluheim og ungmennin sem þau fræða.

Listahópur



Á sumrin hefur verið starfandi listahópur á vegum Vinnuskólans. Listahópurinn hefur undan farin ár verið leiklistamiðaður og því ekki fyrir hvern sem er. Í ár var listahópurinn mun fjölbreyttari og var áherslan lögð á alla listsköpun hvort sem um var að ræða leiklist, myndlist dans eða tónlist svo eitthvað sé nefnt. Hópurinn í ár var óvenju fjölmennur. Hópurinn saman stóð af ungmönnum úr 9.-10. bekk sem komust í gegnum áheyrnarprufur í byrjun sumars. Prufurnar tóku flokkstjórar hópsins sem mátu svo hverjir komust að. Hópurinn sinnti ýmsum verkefnum og kom fram við mismunandi tækifæri eins og á góðviðrisdögum í miðbænum. Eins óskuðu þau eftir því að fá að mála vegg, götur og staura í miðbænum. Niðurstaðan úr þeirri hugmyndavinnu

var sú að þau fengu leyfi til að mála steypustólpa frá Lækjargötu að Strandgötu 31 og gangbraut í pride litunum við enda Strandgötu við Reykjavíkurveg. Þetta vakti mikla lukku meðal bæjarbúa sem fannst strandgatan verða bjartari og líflegri fyrir vikið.

Umhverfishópur



Umhverfishópur Vinnuskólans hefur það markmið að endurnýja Grænfánann ár hvert. Vinnuskólinn fékk sinn fyrsta Grænfána sumarið 2015 og hefur því verið skóli á grænni grein síðan þá fyrir utan eitt ár sem ekki náðist að manna í hópinn.

Markmið hópsins er einnig að vekja aðra til umhugsunar um umhverfismál en þau eru nú í brennidepli í samfélaginu.

Hópurinn samanstóð af einum flokkstjóra, einum aðstoðarflokkstjóra og sjö ungmennum úr 9. og 10. bekk grunnskóla. Hópurinn fékk til sín hópa úr 8. – 10. bekk sem voru að störfum í almennum vinnuhópum og fræddu þau um umhverfismál eins og hlýnun jarðar, flokkun úrgangs, matarsóun, fatasóun og fleira. Fræðslan var með svipuðu sniði og jafningjafræðslan þ. e. hugsunin „ungur fræðir ungan“ og virkaði það mjög vel. Hópurinn fór í heimsóknir til ýmissa fyrirtækja í bænum sem gefa sig út fyrir að vera umhverfisvæn og kynntu sér hvað þau væru að gera í umhverfismálum. Þau unnu í góðu samstarfi með grænum leiðbeinanda en voru þó með öðruvísi nálgun á viðfangsefninu svo ungmennin fengu hvað vítækustu fræðslu.

Mikilvægt er að þessi hópur muni starfa áfram til að tryggja að Vinnuskólinn verði áfram „skóli á grænni grein“. Markmið hópsins náðist þetta sumarið og munu starfsmenn Vinnuskólans stoltir flagga grænfánanum sumarið 2021.



Skapandi sumarstörf

Skapandi sumarstörf var endurvakið í ár en það hefur ekki verið síðastliðin tvö ár í Vinnuskólanum. Þetta var einn af liðum sveitafélagsins til að auka við störf fyrir 18 ára og eldri. Auglýst var sérstaklega fyrir þetta starf og bárust 8 umsóknir. Hópurinn endaði í fimm einstaklingum sem fengu það skemmtilega verkefni að gera hundaleiktæki í hundagerðið sem staðsett er fyrir ofan Vallarhverfið í Hafnarfirði. Leitast var við að gera þetta á sem náttúrulegasta hátt og voru því notuð efni úr steypu, grastorfi og trjábolum. Heppnaðist þetta verkefni með eindæmum vel.



Síðsumarsstörf

Til að koma til móts við mennta- og háskóla fólk var ákveðið að búa til síðsumarsstörf. Markmiðið með þeim var að gefa þeim sem fengu höfnun um sumarstörf tækifæri á að sækja um aftur og vinna þá til ágústloka. Allir sem fengu höfnunarpóst fyrr um sumarið fengu póst um að þeim stæði til boða að fá síðsumarsvinnu. Allir þeir sem sóttu um síðsumarsstarf fengu vinnu hjá Vinnuskólanum.

17. júní

Öllu jafna er aðkoma vinnuskólans að þjóðhátíðardeginum töluverð. Í ár voru þó einungis átta starfsmenn að störfum þann dag en hátíðarhöldin féllu að mestu leyti niður út af COVID-19. Þessir starfsmenn sinntu aðallega ruslatínslu í miðbænum og á þeim stöðum þar sem fólk safnaðist saman og passaði upp á að allt gengi vel fyrir sig.

Sumarhátíð Vinnuskólans

Sumarhátíð Vinnuskólans er haldin ár hvert og er hún ætluð ungmennum sem starfa í almennum vinnuhópum og er þetta nokkurskonar uppskeruhátíð fyrir þau. Hátíðin var haldin á Víðistaðatúni í ár. Ýmsir leikir eins og kubbur og boltaleikir voru spilaðir ásamt því að boðið var upp á kajakferðir á vatninu. Tónlist var spiluð og grillaðar pylsur og svaladrykkir voru í boði fyrir ungmennin. Veðrið var með eindæmum gott en heiðskirt var og hitinn yfir 18°C. Um 400 ungmenni tóku þátt í hátíðinni en þau fá laun fyrir að mæta eins og um venjulegan vinnudag sé um að ræða. Umhverfishópurinn var með fatamarkað á svæðinu þar sem hægt var að kaupa flíkur frá 200 kr. en hagnaðurinn sem var 12,500 kr rann til Unicef. Dagurinn heppnaðist ótrúlega vel og fóru ungmennin sátt og sæl heim í lok dags.



Vinnutími flokkstjóra

Engir almennir vinnuhópar voru að störfum á föstudögum. Þá daga fóru flokkstjórar yfir tíma vikunnar og settu þá í vinnustund. Einnig unnu þau saman við ýmis verkefni sem voru of erfið fyrir yngstu hópana. Þetta voru verkefni eins og að þökuleggja, mála, klippa tré og runna svo eitthvað sé nefnt. Vinnutími flokkstjóra var frá 8:30 – 16:30. Þeir mættu 30 mínútum áður en unglingarnir mættu og byrjuðu að undirbúa daginn, taka saman verkfæri og fl. Einnig unnu þeir 30 mínútur eftir að unglingarnir kláruðu vinnudaginn og voru þá að ganga frá verkfærum, spritta þau ofl.



Húsnæði Vinnuskólans

Húsnæði Vinnuskólans að Hrauntungu var selt snemma á árinu. Bráðabirgðaniðurstaða fyrir starfseminna var að fá inni hjá ungmennahúsinu Haminum að Suðurgötu 14. Húsnæðið hentaði vel fyrir skrifstofu Vinnuskólans sem og matsal fyrir vinnuhópa. Hinsvegar var ekki aðstaða fyrir lager og slátturtæki. Brugðið var á það ráð að festa kaup á einum gám og leigja annan. Hugmyndin var sú að verkfæri væru í öðrum gámnum og hinn yrði notaður fyrir fataskipti hjá slátturhópnum. Eins var fengin aðstaða hjá íþróttahúsinu Strandgötu til að vera með lítinn lager þar sem hægt væri að gera við löskuð verkfæri og fleira lagertengt. Ekki varð þó að þessu þar sem tafir við afhendingu að Hrauntungu töfðust og var því lagerinn ekki fluttur þaðan fyrr en í lok sumars. Þá var öllum verkfærum komið fyrir í gámnum sem fluttur var á umhverfis- og skipulagssvið þar sem hann verður til næsta vors. Slátturbílar og slátturtæki gátu einnig verið með aðsetur að Hrauntungu og eins í skemmu á Víðistöðum.

Fræðsla

Í sumar, líkt og síðustu sumur, var boðið uppá fræðslu um hvernig lesa eigi launaseðla. Morgunhóparnir sem telja einungis 17 ára ungmenni fengu þessa fræðslu. Hópnum var tvískipt sökum stærðar. Boðið var upp á morgunverð í mótuneyti bæjarstarfsmanna og þar fór Íþrótt- og tómsfundafulltrúi yfir helstu þætti launaseðilsins eins og grunnupplýsingar, taxta, lífeyrissjóð, mótframlag, stéttarfélag, persónuafslátt, orlof og fleira og hófust miklar umræður og pælingar í kjölfarið.

Lokaorð

Sumarstarfið gekk alveg ótrúlega vel. Met aðsókn var í sumar og voru 1481 starfsmaður við vinnu þegar mest lét. Allt starfið gekk smurt fyrir sig þrátt fyrir fjöldann allan af starfsfólki og að COVID-19 væri alls ríkjandi í þjóðfélaginu. Margir vinnuhópar voru að störfum sem gerði það að verkum að Vinnuskólinn komst yfir mjög stór svæði til að sinna yfir sumarið.

Flokkstjórar Vinnuskólans samanstóð af hörkuduglegum einstaklingum sem sinntu vinnu sinni vel og náðu vel til unglíngana. Það sama má segja um verkstjóra Vinnuskólans en vegna þeirra gekk sumarið eins vel og á reyndist.

Í sumar settu flokkstjórar inn tímana fyrir unglíngana í vinnustund. Þetta gerðu þau á föstudögum en þá daga vinna flokkstjórar saman að stærri verkefnum og vildi því oft verða lítið úr deginum fyrir önnur verkefni. Fyrirkomulagið gekk þó mun betur en í fyrra en nú var hver skóli með sína spjaldtölvu og því þurfti ekki að bíða eftir að komast að í tölvu líkt og í fyrra. Best væri ef hver og einn flokkstjóri væri með spjaldtölvu með netaðgangi þar sem hann gæti fyllt tímana inn samdægurs þegar börnin mæta.

Starf umsjónamanns Vinnuskólans var fært yfir á umhverfis- og skipulagssvið. Ekki reyndist það eins vel og áætlað var í byrjun þar sem það svið hafði litla þekkingu á allri þeirri starfsemi sem snýr að Vinnuskólanum eins og sérhópum, íþróttafélögum og Róló og því gat yfirmaður umsjónamanns Vinnuskólans ekki gripið inn í eða hlaupið í skarðið í fjarveru umsjónamanns. Þetta þurfti að endurskoða fyrir næsta ár eða hreinlega skipta starfseminni niður á tvö svið.

Sumarið í heild sinni gekk þó ótrúlega vel þrátt fyrir að veiran væri í fullum vexti. Ekkert smit kom upp á þessum tæplega 1500 manna vinnustað sem mér finnst einstaklega vel sloppið.

Hafnarfirði 10. september 2020

Bára Kristín Þorgeirsdóttir umsjónarmaður Vinnuskólans